



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/2126
komudagur 29.4.2011

Reykjavík, 28. apríl 2011

R11040047

175

ÖS/jhb

Alþingi - nefndasvið

Við Austurvöll
150 Reykjavík

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn borgarlögmanns frá 13. þ.m. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn, gjaldtökuheimild.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Örn Sigurðsson
e.u.

Afrit:
Borgarlögmaður



Reykjavík, 13. apríl 2011

R11040047

175

/ás

Borgarráð

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn
(gjaldtökuheimild), 580. mál.**

Með tölvupósti 12. þ.m. óskaði menntamálanefnd Alþingis umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 (gjaldtökuheimild), 580. mál.

Frumvarpið er ein grein og hljóðar svo:

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem fyrir útlán, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildapjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot fram yfir skilafrest, svo og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Hvert almenningsbókasafn setur gjaldskrá skv. 1. mgr. og reglur skv. 2. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar. Gjaldskrá þessa og reglur skal birta notendum á aðgengilegan hátt.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er það lagt fram af hálfu menntamálaráðuneytisins að ósk Samband íslenskra sveitarfélaga sem var í samráði við Reykjavíkurborg. Með frumvarpinu er verið að lögfesta ákvæði um gjaldtökuheimildir sem löng hefð hefur verið fyrir og almenn sátt um í samfélaginu en í ljósi góðra stjórnsýsluhátta og réttarþróunar er mikilvægt að sú framkvæmd hafi lagastoð.

Lagt er til að borgarráð lýsti stuðningi við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Kristbjörg Stephensen